

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 27. maí kl. 13:00 var haldinn 353. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 23. maí lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF 352 var lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mætti til fundarins Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Brynju Kolbrúnu Pétursdóttur, forstöðukonu fjárstýringa og greiningar og Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds. Lögðu þau fram og kynntu árshlutauppgjör Orkuveitu Reykjavíkur fyrir fyrsta ársfjórðung 2024. Umræður.

Lögð fram svohljóðandi bókun Endurskoðunarnefndar, dags. 23. maí 2024 um árhlutareikninginn.

Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á samandregnum árhlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árhlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn Orkuveitunnar.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Klukkan 13:30 mætti til fundarins Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingtækni. Lögð fram svohljóðandi tillaga um nýtt fjárhagskerfi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að F&O (Microsoft Finance and Operations) verði framtíðar fjárhagskerfi Orkuveitunnar og veitir forstjóra og/ eða framkvæmdastjóra fjármála umboð til að fara með innleiðinguna í útboðsferli.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Snorra Hafsteini Þorkelssyni, framkvæmdastjóra fjármála, prókúruumboð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Áhættuskýrsla dags. 17. maí 2024 lögð fram til kynningar. Umræður.

4. Klukkan 13:50 mættu til fundarins Harpa Pétursdóttir, forstöðukona nýrra orkukosta, Dario Ingi DI Dienzo, sérfræðingur í jarðvísindum og Þráinn Friðriksson auðlindaleiðtogi hitaveitu. Greindu þau frá og lögðu fram svohljóðandi tillögu, tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir áætlaðan kostnað vegna jarðhitarannsóknna á Mosfellsheiði og Krýsuvíkursveimum. Tilgangur rannsóknanna er að afla upplýsinga til að meta möguleika á nýtingu jarðhita fyrir framleiðslu á rafmagni og/eða heitu vatni. Gert er ráð fyrir að senda umsóknir um rannsóknarleyfi til Orkustofnunar sumarið 2024. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnin eru 1.320.000.000 kr.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

5. Klukkan 14:20 mætti til fundarins Símon Þorleifsson, verkefnastjóri, greindi frá og lagði fram svohljóðandi tillögu dags. 27. maí 2024 um að bjóða sameiginlega út borverkefni. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að bjóða sameiginlega út borverkefni til ársins 2028.

Samþykkt samhljóða.

6. Klukkan 14:30 mætti Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og greindi frá stöðu mála hjá Ljósleiðaranum. Umræður.

Klukkan 15:33 mættu Helga Lára Hauksdóttir og Þórður Ólafur Þórðarson frá Arion banka til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu fyrirhugaðrar hlutafjárútkningar Ljósleiðarans.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. maí 2024 um kjör forstjóra. Tillögunni fylgir greinargerð.

Starfskjaranefnd leggur til að stjórn Orkuveitunnar samþykki að heildarlaun forstjóra verði kr. 3.800.000.

Jafnframt lagt fram minnisblað starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 24. maí 2024 um frammistöðumat og ákvörðun launa forstjóra.

Samþykkt samhljóða.

8. Stjórn lagði sameiginlega mat á störf stjórnar.
9. Lagt fram að nýju minnisblað um forgangsroðun aðgerða vegna úttektar á stjórnarháttum og miðlun upplýsinga hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem frestað var á síðast fundi. Frestað.
10. Tillaga um framlag í rannsóknarsjóðinn VOR, sem samþykkt var á milli funda, lögð fram til staðfestingar. Tillagan staðfest.
11. Klukkan 16:12 mætti til fundarins Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og tækni, og greindi frá niðurstöðum vinnustaðarkönnunar sem gerð var meðal starfsfólks í apríl, en fyrirhugað er að leggja samskonar könnun ársfjórðungslega. Umræður.

Klukkan 16:15 yfirgaf Guðveig Eyglóardóttir fundinn.

12. Áhættumati stefnu frestað.
13. Forstjóri greindi frá tillögum að markmiðum, mælikvörðum og stefnuverkefnum nýrrar stefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Klukkan 16:30 mætti Gísli Björn Björnsson til fundarins. Umræður.

14. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun o.fl., dags. 23. maí 2024.
15. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundu Ljósleiðarans ehf. dags. 19.04.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 22.05.2024

Fundargerð stjórnarfundu Veitna ohf. dags. 15.04.2024

Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ohf. dags. 24.05.2024

Fundargerðir Orku náttúrunnar ohf. dags. 20.03, 18.04 og 30.04.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 30.04.2024

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 27. maí 2024 um kaup á lóð úr landi Skógarkots. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir kaup á 8900 m² lóð undir hitaveitugeyma úr landi Skógarkots með landnúmeri 219170 í Borgarbyggð.

Samþykkt samhljóða.

17. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundu, dags. 24. maí 2024. Umræður.
18. Önnur mál.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 14. maí 2024.

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tafarlausu afléttingu trúnaðar yfir skýrslu innri endurskoðunar um samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarhætti og miðlun upplýsinga

Borgarstjórn samþykkir að kalla eftir tafarlausri afléttingu trúnaðar yfir skýrslu Innri endurskoðunar og ráðgjafar frá nóvember 2023 um samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarhætti og miðlun upplýsinga. Skýrslan skal verða gerð opinber í heild sinni.

Frestað.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hversu stór hluti af starfsemi ON er smásala rafmagns? Hér er kallað eftir rekstrartengdum upplýsingum, tekjum og skuldbindingum.
2. Hver er markaðshlutdeild ON á smásölumarkaði annars vegar á landsvísu og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu
3. Hversu mikið hefur ON og OR fjárfest í uppbyggingu hraðhleðslustöðva og annarra hleðslustöðva fyrir ökutæki? Kallað er eftir upplýsingum yfir allan kostnað vegna hugbúnaðarþróunar, framkvæmda (t.d. jarðvegsvinnu og uppbyggingar stöðva og tengdra mannvirkja).
4. Hverjar hafa tekjur og afkoma af uppbyggingu og rekstri hleðslustöðva verið síðastliðin 5 ár?
5. Hver er markaðshlutdeild ON í hleðslustöðvum fyrir ökutæki?
6. Er ON í markaðsráðandi stöðu á einhverjum mörkuðum?
7. Hefur ON með einhverjum hætti greitt með samkeppnisrekstri í uppbyggingu og rekstri hraðhleðslustöðva og annarra hleðslustöðva?

8. Nýtur ON með einhverjum hætti forskots í uppsetningu og rekstri hraðhleðslustöðva vegna tengsla við Reykjavíkurborg?
9. Hvaða lögfræðilegu álitamál hafa komið upp í tengslum við þessa starfsemi ON.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:25.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 24. júní 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 22. apríl kl. 13:00 var haldinn 352. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir í fjarveru Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmisdóttur, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Guðveig tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 22. apríl 2024, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF 351 var lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar, dags. 4. apríl 2024 um þóknun stjórnar, sem samþykkt var rafrænt í milli stjórnarfunda. Tillögunni fylgir greinargerð.

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki í samræmi við nýafstaðna kjarasamninga en þar hækkuðu laun um 3,25% en 23.750 kr. að lágmarki. Þar sem stjórnarstörf eru aukastörf þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 217.493 (voru 210.647, 2023) íslenskum krónum mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt tillögunnar staðfest.

4. Klukkan 13:13 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála (um fjarfundabúnað), Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og Ásgeir Westergren, sérfræðingur í greiningu, fjármögnun og fjárfestatengslum og greindu frá stöðu fjármögnunar. Greindu jafnframt frá drögum að þriggja mánaða uppgjóri ársins 2024. Umræður.

Áhættuskýrsla dags. 17. apríl 2024 og Rekstraráhættuskýrsla dags. 16. apríl 2024 lagðar fram til kynningar. Umræður.

5. Umfjöllun um Ljósleiðarann frestað að beiðni Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmisdóttur.
6. Klukkan 14:00 mættu Ólafur Elínarson, samskiptastjóri Carbfix ásamt Gretti Adolf Haraldssyni, Bergi Sigfússyni og Kjartani Marteinsyni og gerðu grein fyrir helstu

niðurstöðum umhverfismats Coda Terminal. Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptaþróunarstjóri gerði grein fyrir stöðu hlutafjárútkningar Carbfix. Umræður.

Klukkan 14:35 yfirgaf Guðveig Eyglóardóttir fundinn og kom aftur til fundar kl. 14:53.

7. Stjórn lagði mat á störf forstjóra. Forstjóri vék af fundi á meðan.
8. Lagt fram minnisblað starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22. apríl 2024 um frammistöðumat og ákvörðun launa forstjóra ásamt tillögu starfskjarnanefndar Orkuveitu Reykjavíkur um kjör forstjóra, dags. 22. apríl 2024.

Afgreiðslu tillögunnar frestað.

Jafnframt lögð fram samantekt um störf stjórnar fyrir árið 2023.

9. Lagt fram minnisblað um forgangs röðun aðgerða vegna úttektar á stjórnarháttum og miðlun upplýsinga hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Afgreiðslu frestað.
10. Klukkan 16:00 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri til fundarins um fjarfundabúnað og gerði grein fyrir drögum að samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur vegna skila á Elliðaárdalnum til Reykjavíkurborgar. Samþykkt samhljóða.
11. Lagðar fram athugasemdir Reykjavíkurborgar við heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur og tillaga að uppfærðri stefnu að teknu tilliti til athugasemda.

Tillagan samþykkt.

Einnig lögð fram drög að stefnumarkmiðum. Umræður.

12. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 18. apríl 2024 og minnisblað um forðagæslu, dags. 18. apríl 2024. Umræður.
13. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 20.03.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 17.03.2024

Fundargerðir stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 21.03 og 26.03.2024

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 15.04.2024

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 16.04.2024

14. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundar, dags. 22. apríl 2024. Umræður.
 - Lagt fram til kynningar yfirlit yfir nýjar stjórnir dótturfélaga.
 - Lögð fram svohljóðandi tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum, dags. 22. apríl 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn veitir forstjóra umboð til að óska eftir framlengdri undanþágu frá upplýsingalögum frá eigendasveitarfélögum Orkuveitunnar, sem aftur óski eftir slíkri undanþágu frá forsætisráðuneytinu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:55.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. maí 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.



Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson og Stjórn Orkuveitunnar
Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir,
Sendandi: framkvæmdastýra Mannauðs og tækni
Dagsetning: 23.maí 2024


MANNAUÐSMÁL HJÁ ORKUVEITUNNI

Gallup – helgun


Þann 18.apríl var fyrsta vinnustaðarkönnunin á vegum Gallup (Q12) send út á allt starfsfólk Orkuveitunnar. Könnunin er í grunninn 13 spurningar. Kannanir á vegum Gallup verða sendar út einu sinni á ársfjórðungi og munu þær koma í staðin fyrir mánaðarlegar kannanir Moodup sem og stóru desember vinnustaðagreininguna.

Lykilhugtak í allri vinnu Gallup er „helgun“, en samkvæmt líkani Gallup byggist helgun starfsfólks á því að skapa starfsfólki styðjandi og hvetjandi starfsumhverfi sem hjálpar því að ná árangri í starfi. Skilgreining á hugtakinu „helgun“ er starfsfólk sem vinnur af ástríðu, er tilfinningalega tengt vinnustaðnum og leggur sig fram í starfi sínu á hverjum degi. Spurt er út í 12 lykilþarfir starfsfólks sem stuðla að helgun og kallast það Q12. Að auki er spurt út í hversu ánægð(ur)(t) ertu með fyrirtækið þitt sem vinnustað?





Á meðfylgjandi mynd sést niðurstaða starfsánægju hjá móðurfélagi og sviðum ásamt dótturfyrirtækjum:




Niðurstaða móðurfélags

Gallup mælir helgunar vísitölu (index) hjá móðurfélaginu. Það er sterk fylgni milli helgunar starfsfólks og hversu vel fyrirtækið nær markmiðum sínum. Á meðfylgjandi mynd sést niðurstaða móðurfélagsins:



Helgunar index móðurfélags



Nánari skýring:

- 55% starfsfólks eru helguð
- 43% starfsfólks eru ekki helguð, þau sinna starfinu sínu en setja enga auka orku eða ástríðu í verkefni.
- 2% starfsfólks eru fráhverf. Þau eru óánægð og jafnvel bitur í garð fyrirtækisins, þetta er hópur sem getur grafið undan því sem helgaða starfsfólkið fær áorkað.

Heilt yfir er niðurstaða móðurfélagsins góð. Á móti einum fráhverfum eru 27,5 helguð. Ef við berum okkur saman við önnur fyrirtæki á Íslandi þá er staðan þar að 45% starfsfólks eru helguð, 46% eru ekki helguð og 9% eru fráhverf.

Á milli mælinga mælir Gallup með að vinnustaðurinn leggi áherslu á að vinna í niðurstöðum sem koma vel út og atriðum til að styrkja.

Styrkleikar móðurfélags:

- Q05: Stjórnandi minn eða einhver í vinnunni virðist bera umhyggju fyrir mér sem einstaklingi.
 - Þessi spurning er mikilvæg þar sem árangursríkir vinnustaðir einkennast af traustu umhverfi þar sem starfsfólk er nógu öruggt til að prófa nýja hluti, ögra sjálfu sér, deila upplýsingum og styðja við hvort annað.
- Q09: Samstarfsfólk mitt er staðráðið í að skila vönduðu verki.
 - Það er mikilvægt að eining ríki um gæði, markmið og tilgang þess sem fengist er við og að starfsfólk upplifi að það sé samstíga á leið sinni er lykilatriði til að fólk finni til stolts af vinnu sinni.

Umbótataækifæri móðurfélags:


- Q01: Ég veit til hvers er ætlast af mér í vinnunni
 - Þessi spurning er mikilvæg þar sem skýrar væntingar eru grundvallaratriði fyrir góða frammistöðu í starfi og snýst um meira en starfslýsingu. Gallup hefur sýnt fram á að niðurstöður úr þessari spurningu eru gott forspárgildi fyrir spurningar sem á eftir koma.
- Q04: Á síðustu sjö dögum hef ég fengið viðurkenningu eða hrós fyrir vel unnin störf
 - Mikilvægt er að bæði stjórnendur og starfsfólk beri ábyrgð á því að viðurkenna störf hvors annars. Hrós hvetur okkur til að gera betur og viðheldur góðri hegðun.



Næsta könnun verður send út í september n.k. þar sem fyrstu 6 spurningarnar (Q6) úr apríl vinnustaðarkönnuninni verða lagðar fyrir starfsfólk.

Jafnréttismál

Orkuveitan fékk endurvottun á jafnlaunakerfið í apríl sl. Samkvæmt síðustu mælingu mælist leiðréttur kynbundinn launamunur enn og aftur nánast enginn hjá Orkuveitunni, eða 0,6%. Í þetta skiptið hallar á konur ef halla má kalla þar sem laun teljast jöfn ef munurinn mælist undir 1%.



Staða kjarasamningsviðræðna

Kjarasamningsviðræður eru hafnar og eru viðræður nú yfirstandandi við fimm stéttarfélög af níu. Fyrirtæki í orkugeiranum hafa átt í sameiginlegum viðræðum við fagfélögin (RSÍ, VM) hjá Ríkissáttasemjara. Þar er verið að gera tilraun til að ná sameiginlegum samningi milli orkufyrirtækjanna og fagfélaganna. Ljóst er að ýmsu er að huga og aðstæður ólíkar milli fyrirtækjanna. Viðræðurnar rötudu í fjölmiðla í upphafi viku en sú umfjöllun gaf engan veginn rétta mynd af stöðunni. Samvinna og samtal við trúnaðarfólk Orkuveitunnar sem situr í samninganefndum hefur verið til fyrirmyndar og full samstaða og áhugi á að ljúka viðræðum fljótt og vel.



Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Arna Pálsdóttir, Harpa Pétursdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir og Ingvi Gunnarsson

Dagsetning: 23. maí 2024

EFNI: MINNISBLAÐ UM AUÐLINDIR, NÝSKÖPUN, SJÁLFBÆRNI OG UMHVERFI

Vindorka

Þrír vindorkukostir á Hengilssvæðinu bíða afgreiðslu í Rammaáætlun. Hægt er að flýta framgangi verkefna með því að hefja mat á umhverfisáhrifum samhliða og er nú verið að undirbúa það. Kapp er lagt á að ljúka samningagerð svo hægt sé að hefja samtal við landeigendur á svæðunum þremur. Leyfi hefur fengist frá forsætisráðuneytinu hvað varðar vindorkugarð við Dyraveg, sem er þjóðlenda. Þrjár tillögur að samningum eru lagðar til við landeigendur og þeim boðið að velja útfærslu þeirra m.t.t. áhættu, þ.e. út frá fyrirfram ákveðinni leigugreiðslu, út frá hlutdeild í veltu eða hagnaði. Þegar samningsgerð lýkur við landeigendur verða gerðar mælingar og útreikningar til að lágmarka óvissu og safna gögnum. Þau verða nýtt við mat á hvort vindorka geti verið fýsilegur kostur, að því gefnu að samningar náist. Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur boðað fulltrúa Orkuveitunnar á fund til að kynna betur þessa þrjá kosti.

Vatnsorka

Orkuveitan fékk verkfræðistofuna Verkís til að gera skýrslu um mögulega nýtingu vatnsafls á Íslandi. Í skýrslunni eru skoðaðir þeir vatnsaflskostir sem ekki eru nú þegar í þróun hjá öðrum framkvæmdaraðilum. Niðurstaða skoðunar Verkíss eru 11 kostir sem raðað hefur verið í hagkvæmniröð og hefur Orkuveitan samið við verkfræðistofuna um að fara í nánari skoðun á þremur þeirra kosta sem skiluðu hagkvæmustu niðurstöðum.

Rannsóknir á nýjum lághitasvæðum

Borg á Mýrum: Hitastigulsboranir í 2. áfanga á Borg og í Borgarnesi eru hafnar. Ein hola var boruð á Borg núna í maí og níu holur verða boraðar í maí og júní. Holurnar verða boraðar á Borg og innan Borgarness. Þess er vænst að þegar niðurstöður liggja fyrir verði hægt að ákveða staðsetningu dýpri rannsóknarholu sem yrði boruð á næsta eða þarnæsta ári.

Álftanes: Annar áfangi hitastigulsborana á Álftanesi er að hefjast. Landeigendur hafa í flestum tilfellum veitt heimild til borana og flest leyfi eru í höfn. Tvær holustaðsetningar kalla á skoðun hjá Minjastofnun en einfalt er að færa þær til ef þörf krefur. Í þessum áfanga verða boraðar ó hefðbundnar hitastigulsholur, ein 100 m djúp hitastigulshola dýpkuð í 300 m og ein 350 m djúp skáholu boruð í átt til sjávar.


Norðanvert Kjalarnes: Hitastigulsborunum á Kjalarnesi lauk í byrjun maí. Holurnar heppnuðust vel, nema ein sem hrundi ítrekað á um 20 m dýpi. Reynt var í þrígang að hreinsibora holuna án árangurs og nú er verið að bora nýja holu á sama stað sem verður fóðruð á meira dýpi. Búast má við að niðurstöður hitastigulsrannsókna og tillögur um næstu skref í jarðhitaleit á svæðinu verði komnar í hús í júní.



Hitabreytingar í grunnvatni á Nesjavöllum:

Losun á varma úr í umhverfið vegna jarðhitavinnslu á Nesjavöllum hefur valdið hitabreytingum í grunnvatni á Nesjavöllum. Vandlega hefur verið fylgst með hitastigi í eftirlitsholum og lindum við Þingvallavatn frá því áður en rekstur Nesjavallavirkjunnar hófst (Mynd 1). Hitastig í Varmagjá við Þingvallavatn tók að hækka mjög mikið þegar raforkuframleiðsla hófst 1998, náði hámarki 2006 en lækkaði svo aftur þegar kæliturn var reistur við virkjunina. Frá 2008 var hitastigið nokkuð stöðugt en hækkaði aftur þegar niðurdæling í millidjúpar niðurdælingarholur var aukin í lok árs 2017. Síðan þá hefur hitastigið í Varmagjá farið hækkanandi. Síðastliðinn vetur hefur hitastig í Varmagjá aftur á mótum lækkað og eru miklar vonir bundnar við að aukin djúp niðurdælingin muni með árunum hafa jákvæð áhrif á grunnvatn á svæðinu.

Hitastig grunnvatns á svæðinu hefur mikil áhrif á raforkuvinnsluna á þann hátt að heitara grunnvatn og þar með kælivatn gerir gufunýtni verri þannig að það þarf meiri gufu til að framleiða rafmagn. Hagsmunir Orku náttúrunnar eru því miklir í að minnka varmalosun á yfirborð á svæðinu og fá kaldara grunnvatn til að nota við raforkuframleiðsluna en einnig að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið við strönd Þingvallavatns. Óþarfa upptekt á dýrmætri auðlind er soun, hefur neikvæð áhrif á umhverfið og orðspor ásamt því að erfiðara er að viðhalda rekstri virkjana til framtíðar.



Mynd 1. Vatnshiti í Varmagjá við Þingvallavatn, þróun Nesjavallavirkjunar og mótvægisáðgerðir. Hitastig hefur lækkað um allt að eina gráðu í vetur og verður spennandi að fylgjast með vonandi jákvæðum hitaáhrifum af niðurdælingu í NN-10.

Umsóknir í Orkusjóð

Fjórar styrkumsóknir voru sendar til Orkusjóðs sem tengjast verkefnum fyrir Orkuveituna:

1. Fýsileikagreining á vinnslu vetnis úr gasi frá Hellsheiði og Nesjavöllum.
2. Uppsetning tilraunastöðvar á Bæjarhálsi til að kanna notkun rafhlaða og sólarcella í tengslum við hleðslustöðvar ON, með það markmið að styrkja möguleika til hleðsluinnviða á svæðum þar sem flutnings- og dreifikerfi ber ekki aukið álag.



3. Fýsileikagreining á aðkomu Orkuveitunnar að uppbyggingu líforkuvers fyrir sorpbrennslu á Íslandi.
4. Kaup á efnarafölum til að nýta sem aflgjafa við vindorkurannsóknir þar sem ekki er tenging við rafmagn. Notkun efnarafala kemur í stað kerfis með sólarsellum, rafhlöðu og ljósavélar knúinni dísil.

Heildarupphæð sem sótt var um í Orkusjóð er 34,9 m.kr.

Styrkur

Sagt var frá því í minnisblaði til stjórnar í nóvember 2023 að sækja ætti um styrk hjá Evrópusambandinu til að rannsaka fýsileika nýtingu ölduorku. Við fengum þau gleðitíðindi nýlega að Evrópusambandi vilji styrkja verkefnið. Nú eru í gangi samningaviðræður við Evrópusambandið og samstarfsaðila okkar sem búast má við að taki um fjóra mánuði. Þegar samningur liggur fyrir verður send út sameiginleg fréttatilkynning allra aðila sem koma að verkefninu.

Djúpnýting

Orkuveitan tekur þátt í IDDP sem er samvinnuverkefni Orkuveitunnar, HS Orku, Landsvirkjunar, Orkustofnunar og Equinor, og snýr að nýtingu jarðhita í dýpri jarðlögum en hingað til hafa verið nýtt á svæðunum okkar. Síðastliðna mánuði höfum við átt í viðræðum við fleiri aðila um aðkomu að verkefninu. Þar ber helst að nefna Clean Air Task Force og Transition Labs. Markmið þess að fá nýja aðila í samstarf er að auka möguleika til þess að fá fjármagn að borðinu og að horfa á verkefni sem þessi með opnari augum fyrir samstarfi við einkaaðila sem geta hjálpað bæði í fjármögnun og tækniþróun.

Loftslagið

Lofthreinsistöð við Hellsheiðarvirkjun: Vegna framkvæmda við nýja lofthreinsistöð við virkjunina þarf að stöðva gömlu lofthreinsistöðina til júniloka eða í einn og hálfan mánuð. Ljóst er að stöðvun á hreinsun á koltvíoxíði og brennisteinsvetni frá virkjuninni í þetta langan tíma mun hafa nokkur áhrif á þau metnaðarfullu markmið sem Orka náttúrunnar hefur sett sér um losun þessara jarðhitaloftegunda árið 2024.

Loftslagsbókhald dótturfélaga Orkuveitunnar: Í kjölfar þess að loftslagsbókhald Orkuveitunnar 2023 hefur hlotið vottun hjá Bureau Veritas í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14064-1 hefur loftslagsbókhald allra dótturfélaga fyrirtækisins verið kynnt fyrir stjórnendum þeirra.

Umhverfið

Endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal: Sjá sérstakt dagskrármál á fundi stjórnar.

Líffræðilegur fjölbreytileiki: Alþjóðadagur líffræðilegrar fjölbreytni var haldinn 22. maí sl. og var ákall dagsins „Vertu hluti af planinu“.

Í heildarstefnu Orkuveitunnar kemur fram það markmið að hámarka líftíma auðlinda, lágmarka umhverfisáhrif og standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Unnið er að samþættingu markmiðs um líffræðilega fjölbreytni við auðlindamælikvarða Orkuveitunnar.



Samfélagið. Í mótun

Leyfi. Leyfi Orkuveitunnar sem varða sjálfbærni og umhverfi eru í gildi og uppfyllt.

Borgarstjórn Reykjavíkur 14. maí 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tafarlausu afléttingu trúnaðar yfir skýrslu innri endurskoðunar um samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarhætti og miðlun upplýsinga

Borgarstjórn samþykkir að kalla eftir tafarlausri afléttingu trúnaðar yfir skýrslu Innri endurskoðunar og ráðgjafar frá nóvember 2023 um samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarhætti og miðlun upplýsinga. Skýrslan skal verða gerð opinber í heild sinni.